

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 28. september 2023.

Mál nr. E-5953/2022:

A

(Marlena Piekarska lögmaður)

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Heiður Heimisdóttir lögmaður)

og Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var þann 7. september 2023, var höfðað þann 9. desember 2022. Stefnandi er A, [...], en stefndu eru Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5, Reykjavík, og Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík.
- Dómkröfur stefnanda eru að viðurkennd verði skaðabótaskylda in solidum úr ábyrgðartryggingu X, kt. [...] (Y), hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf., og Z, kt. [...], hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf., vegna líkamstjóns sem hann varð fyrir í vinnuslysi þann 26. febrúar 2019. Þá krefst stefnandi málskostnaðar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.
- Stefndu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. krefjast sýknu auk málskostnaðar.

Málsatvik og helstu ágreiningsefni

- Mál þetta hefur stefnandi höfðað til viðurkenningar á bótaskyldu stefndu úr ábyrgðartryggingu X, (áður Y en hér eftir nefnt *P*) hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. (hér eftir *stefndi Sjóvá*) og Z hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. (hér eftir *stefndi VÍS*) vegna slyss sem hann varð fyrir þann 26. febrúar 2019 kl. [...].

Stefnandi starfaði þá sem verkamaður í byggingarvinnu hjá Þ sem stóð að verkframkvæmdum við Æ í Úlfarsárdal. Hafði stefnandi unnið hjá Þ frá [...] júní 2017.

- 5 Vinnuslysið þann 26. febrúar 2019 varð við affermingu vörubíls við Æ í Úlfarsárdal. Stóð stefnandi á palli vörubílsins þar sem verið var að hífa steypumót eða holplötueiningar með krana af vörubíllspallinum og var verkefni stefnanda og samstarfsmanns að festa öryggiskeðju á mótin sem hífa átti. Málsatvik liggja ekki fyrir með nákvæmum hætti í gögnum málsins en þó er ekki ágreiningur um að einingin eða mótið sem verið var að hífa af pallinum færðist úr stað og ýtti þar með stefnanda af vörubíllspallinum þar sem hann hafði staðið við vinnu sína. Hann féll til jarðar og lenti á fótunum, féll síðan afturfyrir sig og lenti á baki. Nákvæm hæð vörubíllspallsins liggur ekki fyrir en skv. gögnum málsins var hann á bilinu 1,2 til 2 m hár. Kraninn sem um ræðir mun hafa verið í eigu Z og stjórnandi kranans var starfsmaður þess fyrirtækis.
- 6 Þ tilkynnti slysið til Vinnueftirlitsins þann 1. mars 2019. Þá kemur fram í gögnum málsins og málatilbúnaði stefnanda að fyrirkomulag verksins hafi verið með þeim hætti að til að koma öryggiskeðjum á plöturnar sem verið var að hífa af pallinum hafi þurft að hífa þær örlítið upp fyrst. Síðan hafi kranastjórnandinn, starfsmaður Z, átt að hífa mótin upp eftir að stefnandi og samstarfsmaður hans við verkið höfðu fest öryggiskeðjurnar undir þeim. Hafi samstarfsmaður stefnanda á pallinum gefið kranastjórnandanum merki þegar hann mætti hífa.
- 7 Eftir slysið gat stefnandi staðið og gengið um en var síðar sama dag keyrður í vinnubíl á bráðamóttöku Ö vegna verkja. Var hann þaðan fluttur á bráðamóttöku Landspítala þar sem hann var greindur með svokallað burst brot í efsta lendhryggjarlið. Var vottorð lækni gefið út 27. febrúar 2019, degi eftir slysdag, um að stefnandi væri óvinnufær með öllu. Stefnandi var óvinnufær í um eitt ár eftir slysið en var að mestu til meðhöndlunar og eftirlits í Póllandi. Í matsgerð B, dags. 1. september 2020, voru helstu niðurstöður þær að stefnandi var metinn óvinnufær í rúmlega ár, eða frá slysdegi til 3. mars 2020, og varanleg lækni-fræðileg örorka hans metin 18%.
- 8 Stefnandi telur að slagið sem kom á bómuna hafi stafað af sterkri vindhviðu sem ýtt hafi steypumótinu sem var í hífingu til hliðar þannig að hann hafi dottið af pallinum. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum frá Veðurstofu Íslands eru ekki veðurstöðvar nær

Úlfarsárdal en við Korpu, á Hólmsheiði og í Geldinganesi. Þær veðurstöðvar hafi á milli kl. 12:00 og 13:00 á slysdegi mælt vindhraða á bilinu 6,9 m/s skv. 10 mínútna meðalgildi (kl. 13:00 á Korpu) til 12,8 m/s (kl. 12:00 á Geldinganesi). Sömu veðurstöðvar hafi mælt mestu vindhviður á sama tímabili frá 15,3 m/s skv. þriggja sekúndna gildi (kl. 13:00 á Korpu) til 20,5 m/s (kl. 12:00 á Geldinganesi).

- 9 Á slysdegi hafði Þ ábyrgðartryggingu hjá stefnda Sjóvá og Z hjá stefnda VÍS. Bæði félögin höfnuðu bótaskyldu í málinu. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum kvað upp úrskurði þann 11. maí 2021 og 15. febrúar 2022 þess efnis að stefnandi ætti hvorki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Þ hjá stefnda Sjóvá né úr ábyrgðartryggingu Z hjá stefnda VÍS. Í málinu er fyrst og fremst deilt um bótaskyldu vegna slyss stefnanda.
- 10 Við aðalmeðferð gaf stefnandi málsins skýrslu en auk hans gáfu C og D skýrslur. Þá gáfu E og F skýrslur í gegnum síma og fjarfundabúnað. Verður vitnað til framburðar framangreindra eftir því sem þurfa þykir.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

- 11 Stefnandi byggir á því að slysið 26. febrúar 2019 sé skaðabótaskyldt úr ábyrgðartryggingu Þ sem í gildi hafi verið á slysdegi hjá stefnda Sjóvá og úr ábyrgðartryggingu Z sem í gildi hafi verið hjá stefnda VÍS hf. á slysdegi, á grundvelli almennu skaðabótareglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð.
- 12 Um ábyrgð Þ gildi að vinnuaðstæður hafi verið óforsvaranlegar og tjóni stefnanda verið valdið með saknæmri og ólögumætri háttsemi. Skilyrði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (hér eftir *vinnuverndarlög*) hafi verið óuppfyllt. Hann hafi ekki fengið þjálfun í framkvæmd verkþáttarins, veðuraðstæður hafi verið hættulegar og honum hafi ekki verið kynnt né hann látinn undirrita áhættumat, sem var á íslensku, fyrr en eftir slysið.
- 13 Ekki hafi verið stuðlað að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað, sbr. 4. gr. vinnuverndarlaga, eða heilsusamleg og örugg starfsskilyrði tryggð, sbr. 17. gr. s.l. og 22. gr. reglugerðar nr. 920/2006. Atvinnurekandi hafi ekki séð til þess að starfsmenn fengju nauðsynlega kennslu og þjálfun í framkvæmd starfans þannig að ekki stafaði hættu af, sbr. 14. gr. vinnuverndarlaga og 8. gr. rgl. 367/2006. Samkvæmt 37. gr.

vinnuverndarlaga skuli haga vinnu og framkvæma þannig að fyllsta öryggis sé gætt, sbr. einnig 41. og 42. gr. s.l.

- 14 Stefnandi byggir á því að vinnuveitandi hans, Þ, hafi ekki tryggt honum nægilega þjálfun, m.a. með upplýsingum og tilsögn sem sniðin væri að vinnuaðstæðum og starfi, sbr. 25. gr. rgl. 920/2006, né kynnt áhættu á vinnustað, m.a. með kynningu áhættumats, sbr. d-lið 3. mgr. 20. gr. sömu reglugerðar. Stefnandi hafi enga þjálfun fengið í framkvæmd verkþáttarins áður en hafist var handa né hafi honum verið gerð ítarleg grein fyrir verklagi heldur lögð áhersla að vinna verkið hratt.
- 15 Jafnvel þó litið væri á verkið sem mjög einfalt, eins og stefndi Sjóvá fullyrði, hafi atvinnurekanda borið að veita starfsmönnum nauðsynlega kennslu og þjálfun í framkvæmd þess, svo ekki stafaði hættu af, sbr. 1. mgr. 14. gr. vinnuverndarlaga og reglugerðir, sérstaklega vegna þess að verkið sem um ræddi var mjög áhættusamt.
- 16 Atvinnurekandi skal gera áhættumat á vinnustað, sbr. 4. gr. rgl. 367/2006, sbr. 65. gr. vinnuverndarlaga og 26. og 27. gr. rgl. 920/2006. Sérstaka hliðsjón skuli hafa af áhættusömum störfum vegna notkunar tækja. Stefnanda hafi hvorki verið kynnt áhættumat á framkvæmd verkþáttarins né hafi hann undirritað það fyrr en eftir slysið. Þá var áhættumatið á íslensku sem stefnandi skilur ekki.
- 17 Vinnuaðstæður hafi verið óforsvaranlegar. Þegar veður spilltist svo mjög að það skapaði hættu hafi borið að stöðva kranann, sbr. gr. 3.2.7 og gr. 4.1.6 í II. viðauka rgl. 367/2006. Gögn Veðurstofu sýni að hvasst hafi verið á slysdegi en samt hafi atvinnurekandi ákveðið að halda affermingu steypumóta áfram án tillits til öryggis. Vindhviða hafi orðið til þess að stjórnandi kranans hafi ekki náð fullri stjórn á steypumótinu sem hafi hrint stefnanda af pallinum. Atvinnurekanda hafi borið að fresta affermingunni eða tryggja að enginn starfsmaður væri nálægt steypumótinu við hífingu.
- 18 Brotið hafi verið gegn lögbundinni tilkynningaskyldu án ástæðulausrar tafar til Vinnueftirlits skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 og 34. gr. rgl. 920/2006, en slysið var tilkynnt þremur dögum eftir að það varð, þann 1. mars 2019, og var þá fyrst farið á vettvang. Allan vafa um orsök slyssins og aðstæður á vettvangi verði því að skýra stefnanda í hag.

- 19 Starfsmaður Z hafi sýnt af sér gáleysi er leitt hafi til bótaskylds tjóns, sbr. regluna um vinnuveitandaábyrgð, með því að flýta sér við hífingu steypumótsins og gæta ekki að því hvort stefnandi væri kominn í skjól. Stjórnanda kranans hafi skv. vinnuverndarlöggjöf borið að gæta þess að hífing færi fram án áhættu fyrir stefnanda.
- 20 Af notkun tækja skuli sem minnst hætta stafa fyrir starfsmenn, sbr. gr. 1.1 í II. viðauka rgl. 367/2006 og allar lyftingar skuli skipulagðar og framkvæmdar rétt svo öryggis starfsmanna sé gætt, sbr. gr. 3.2.5 í viðaukanum. Setja skuli vinnureglur og fylgja þeim svo tryggð sé góð samhæfing milli þeirra sem vinni verkið. Í gr. 3.1.3 í viðaukanum segi að gera skuli ráðstafanir til að tryggja að starfsmenn séu ekki staddir undir byrði sem verið sé að lyfta nema verkið krefjist þess og óheimilt sé að lyfta byrði yfir óvarið vinnusvæði þar sem starfsmenn séu við vinnu nema setja viðeigandi vinnureglur og fylgja þeim eftir.
- 21 Starfsmenn skuli stuðla að því að vinnuaðstæður innan verksviðs þeirra séu fullnægjandi varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi og að framfylgt sé ráðstöfunum sem gerðar séu til að auka öryggi og bæta aðbúnað, sbr. 23. gr. rgl. 920/2006.
- 22 Verkfyrirkomulagið hafi verið það að kranastjórnandinn hafi átt að hífa mótin upp. Stefnandi hafi átt að festa öryggiskeðjurnar undir steypumótunum og gefa kranastjórnandanum svo merki þegar óhætt væri að hífa. Þegar slysið varð hafði stefnandi ekki gefið merki um að stjórnandi kranans mætti hífa mótið upp en hann hafi gert það samt án þess að hafa gengið úr skugga um að stefnandi væri kominn í skjól.
- 23 Stefnanda hafi verið vel ljóst hvar hann ætti að standa við hífingu mótanna, enda hafi verið búið að koma upp verklagi við framkvæmd verksins sem bæði honum og kranastjóranum hafi verið kunnugt um. Hann hafi ekki haft tíma til að koma sér í skjól sökum þess að stjórnandi kranans hafi híft mótið án þess að bíða merkis frá stefnanda. Slysið hafi orðið vegna þess að stjórnandi kranans hafi ekki fylgt þeim verklagsreglum sem settar höfðu verið um verkþáttinn. Þá hafi stjórnanda kranans borið að stöðva tækið vegna veðuraðstæðna, sbr. og gr. 3.2.7 í II. viðauka rgl. 367/2006, en hvasst var í veðri.

- 24 Stefnandi telur enga eigin sök fyrir hendi heldur hafi Þ og Z borið ábyrgð á aðstæðum og öryggi á vinnustað m.t.t. slysahefðu. Það sé frumkvæðisskylda atvinnurekanda að tryggja forsvaranlegar vinnuaðstæður. Ekki sé um meðábyrgð stefnanda að ræða enda hvorki fyrir hendi stórkostlegt gáleysi stefnanda né ásetningur, sbr. 23. gr. a í skaðabótalögum nr. 50/1993.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda Sjóváar-Almennra trygginga hf.

- 25 Stefndi Sjóvá byggir sýknukröfu sína á því að sök váttryggingartaka Þ eða starfsmanna hans sé ósönnuð og að allur aðbúnaður á verksvæði hafi verið í góðu lagi. Ósannað sé að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna váttryggingartaka eða annarra atvika sem hann beri skaðabótaábyrgð á að lögum. Sönnunarbyrði um orsök tjóns hvíli á stefnanda og sérstök rannsókn á tildrögum slyssins hefði ekki upplýst orsakir þess umfram það sem nú liggi fyrir. Slysið hafi verið óhappatilvik.
- 26 Það að sök sé ósönnuð byggir stefndi á því að váttryggingartaki hafi uppfyllt allar skyldur sínar skv. vinnuverndarlögum, m.t.t. 4. gr., 17. gr. og 22. gr. rgl. 920/2006. Stefndi mótmæli því að stefnandi hafi ekki fengið næga þjálfun vegna verkþáttarins. Stefnandi hafði áður starfað í byggingarvinnu í [...] árið 2015 og starfað í tæp tvö ár hjá váttryggingartaka á slysdegi. Í fyrsta lagi hafi áhættumat vegna verks verið kynnt stefnda að morgni slysdags. Í öðru lagi hafi fram farið verkleg sýning á því hvernig standa bæri að verkinu áður en það hófst þar sem hífðar hafi verið ein til tvær plötur og verkstjóri hafi ítrekað við stefnanda og aðra að standa ætti á öruggum stað þegar plötur væru hífðar af vörubílspalli. Váttryggingartaki hafi uppfyllt kröfur skv. rgl. 920/2006; 25. gr. um þjálfun og tilsögn og d-lið 3. mgr. 20. gr. um kynningu á áhættumati. Vinnuaðstæður hafi hvorki verið óforsvaranlegar né tjóni stefnanda valdið með saknæmri og ólögmætri háttsemi. Skilyrði vinnuverndarlaga hafi verið uppfyllt í öllum tilvikum af váttryggingartaka, þ. á m. ákvæði 14. gr. laganna og 8. gr. rgl. 367/2006.
- 27 Rangt og ósannað sé að ekki hafi verið farið í gegnum áhættumat með stefnanda áður en verkið hófst. Við upphaf verkþátta að morgni dags hafi verklag váttryggingartaka ávallt verið að fara yfir áhættumat með starfsmönnum. Þennan dag hafi verið byrjað á að hífa holplötur og hafi starfsmenn því verið beðnir um að undirrita áhættumatið eftir að það hafði verið kynnt þeim, þ.m.t. stefnanda.

- 28 Slysið hafi verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins 1. mars 2019, þremur dögum eftir slysdag. Ekkert hafi gefið tilefni til að tilkynna atvikið enda hafi stefnandi gefið samstarfsfólki sínu til kynna að ekkert amaði að honum. Rannsókn Vinnueftirlits eða lögreglu hefði heldur engu breytt og ekki leitt annað í ljós en þegar liggja fyrir í málinu. Ekki séu efni til að víkja frá meginreglu skaðabótaréttar um að stefnandi beri alfarið sönnunarbyrði um tjón sitt, orsök og umfang.
- 29 Þær forsteyptu einingar sem hífðar voru hafi verið mjög þungar. Vindur við hífinguna hefði ekki hreyft til plötunar. Fullyrðingu stefnanda um að vindhviða hafi verið orsök slyssins er mótmælt sem rangri og ósannaðri. Veðuraðstæður hafi ekki verið þannig að váttryggingartaka hafi borið að stoppa hífingu, verkstjórn hafi ekki verið ábótavant eða aðstæður á vinnustað þannig að einhver hafi átt að grípa inn í atburðarásina, sbr. gr. 3.2.7 eða gr. 4.1.6 í II. viðauka við rgl. 367/2006. Skilyrði til skaðabótaábyrgðar váttryggingartaka séu því ekki fyrir hendi og stefnandi eigi ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu váttryggingartaka.
- 30 Váttryggingartaki hafi ekki tekið ákvörðun um umrædda hífingu heldur hafi komið á staðinn krani og kranastjórnandi frá Z. Kranastjórnandinn hafi ákveðið hvenær híft skyldi eftir að hafa gefið fyrirmæli um að aðstoðarmenn ættu að standa til hliðar. Í öllu falli sé ósannað að vindhviða hafi orðið til þess að stjórnandi kranans hafi ekki náð fullri stjórn á forsteyptu einingunni. Vinnuaðstæður hafi verið forsvaranlegar í umrætt sinn og öryggis gætt af váttryggingartaka sem hafi ekki brotið í bága við ákvæði vinnuverndarlaga, reglugerð 367/2006 eða viðauka hennar.
- 31 Slysið teljist óhappatilviljun og verði rakið til þess að stefnandi hafi staðið við hlið einingarinnar en ekki fyrir framan hana. Slysið verði hvorki rakið til sakar váttryggingartaka né starfsmanna hans, né þess að aðbúnaði, vinnuaðstöðu, verkstjórn eða leiðbeiningum hafi verið áfátt. C, verkstjóri hjá váttryggingartaka, hafi orðið vitni að atvikinu og borið að ítrekað hafi verið við starfsmenn að standa hafi átt á öruggum stað þegar einingarnar væru hífðar af vörubílspalli. Til að koma öryggiskeðjum á einingarnar hafi þurft að hífa þær örlítið upp fyrst. Þegar einingin hafi verið hífð upp hafi komið örlítill sveigja á kranabómuna og einingin þá færst til. Hafi starfsmenn þá þurft að standa á öruggum stað en það hafi stefnandi ekki gert heldur staðið við hliðina á henni og því fallið af vörubílspallinum.

- 32 Beri að sýkna stefnda. Verði ekki talið að um hreint óhappatilvik hafi verið að ræða byggir stefndi á því að um sök starfsmanns Z sé að ræða en sá stjórnaði hífingunum og tekur stefndi undir málatilbúnað stefnanda er snýr að því að slysið verði rakið til þess að stjórnandi kranans hafi ekki fylgt verklagsreglum um verkþáttinn.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda Vátryggingafélags Íslands hf.

- 33 Stefndi VÍS hf. byggir á því að ósannað sé að slyss stefnanda verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna Z Stefndandi beri sönnunarbyrði fyrir tjóni sínu og að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi vinnuveitanda eða annars aðila. Stefndandi beri hallann af sönnunarskorti.
- 34 Af sakarreglunni leiði að aðili verði ekki látinn bera skaðabótaábyrgð á tjóni annars nema það sé að rekja til saknæmrar háttsemi eða saknæms athafnaleysis hans eða einhverra sem hann beri ábyrgð á. Stefndandi hafi stefnt tveimur aðilum sem hann telji bera sameiginlega ábyrgð á tjóni sínu en óumdeilt sé í málinu að Z hafi verið undirverktaki Þ og hafi ekki komið að skipulagningu verksins, né verkstjórn, heldur aðeins afmörkuðum þætti, þ.e. stjórnun byggingarkranans. Beri stefndandi sönnunarbyrði fyrir því að háttsemi starfsmanns Z hafi verið saknæm og að orsakatengsl séu milli hennar og slyss stefnanda. Að öðrum kosti beri að sýkna stefnda f.h. Z, óháð mögulegri ábyrgð vinnuveitanda stefnanda. Tildrög slyssins séu óupplýst og ósönnuð og lýsingar stefnanda á atburðarásinni 26. febrúar 2019 séu óljósar og misvísandi. Í innri atburðarskýrslu í gögnum málsins hafi atvikum verið lýst svo að hreyfing hafi komið á plötu við hífingu sem orðið hafi til þess að stefndandi hafi fallið af pallinum. Þar kemur einnig fram í lýsingu verkstjórans að í umrætt sinn hafi stefndandi farið gegn skýrum fyrirmælum sem margsinnis hafi verið búið að fara yfir með honum. Í tilkynningu vinnuveitanda stefnanda um slysið komi fram að hann hafi verið að festa öryggiskeðju á holplötueiningu sem hafi verið á vörubílspalli þegar slag hafi komið á bómuna og einingin færst af stað og ýtt honum út af vörubílspallinum. Í sjúkradagpeningavottorði komi fram að stefndandi hafi fallið niður af tveggja metra háum palli og lent á bakinu. Ljóst sé af gögnum málsins að stefndandi hafi ekki fallið beint á bakið. Í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands komi fram að slag hafi komið á bómuna og einingin færst úr stað. Hið sama segi í skýrslu vinnuveitanda. Í matsgerð B læknis, dags. 1. september 2020, segi að vindhviða hafi ýtt steypumótinu til með þeim afleiðingum að stefndandi hafi dottið aftur fyrir sig af palli

bifreiðarinnar. Hafi sú fullyrðing fyrst komið fram einu og hálfu ári eftir slysið og ekki frá stefnanda sjálfum. Ekki liggi fyrir samtímagögn um tildrög slyssins önnur en þau sem skráð hafi verið af vinnuveitanda stefnanda, sbr. tilkynningar til Vinnueftirlits, Sjúkratrygginga Íslands og váttryggingafélags vinnuveitandans. Í þeim gögnum sé þess hvergi getið að stjórnandi kranans hafi híft án þess að hafa fengið merki frá stefnanda eða starfsmanninum sem staðið hafi með stefnanda á pallinum og fest með honum öryggiskeðjur á steypumótin. Sú lýsing á tildrögum slyssins hafi fyrst komið fram í framangreindri matsgerð og bréfi lögmanns stefnanda til stefnda rúmlega tveimur árum eftir slysið. Engin samtímagögn styðji frásögn stefnanda af slysinu og lýsing hans sé nokkuð á reiki.

- 35 Mótþælt sé fullyrðingum stefnanda um veðuraðstæður á verkstað. Á krana Z hafi verið vindhraðamælir sem gefi frá sér hljóðmerki til viðvörunar þegar vindur hafi náð ákveðnum styrk. Mælirinn hafi ekki gefið frá sér viðvörunarmerki og aðstæður hafi því ekki verið þannig að hættulegra væri að hífa steypumótin en ella. Engin ástæða hafi verið til að stöðva vinnu við hífingu umræddan dag.
- 36 Lýsingar stefnanda á tildrögum og orsökum slyssins, einkum er varðar meinta ábyrgð stjórnanda kranans, hafi verið verulega á reiki og ekki í samræmi við þau fáu samtímagögn sem liggi fyrir í málinu. Sérstaklega sé mótþælt fullyrðingum þess efnis að stjórnandi kranans hafi verið að flýta sér við hífingu og látið sér öryggi stefnanda í léttu rúmi liggja. Slíkt kom fyrst fram um tveimur árum eftir slysið og sé rangt, ótrúverðugt og ósannað, sem og fullyrðingar um saknæma háttsemi starfsmannsins.
- 37 Verði talið að málsatvik séu nægilega ljós til að leggja mat á sök stjórnanda kranans og Z, byggir stefndi VÍS á því að ósannað sé að umræddir aðilar hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leiði til bótaskyldu. Stjórnandi kranans og Z hafi að öllu farið eftir lögum, reglum og venjum við framkvæmd starfans og hagað vinnunni eftir aðstæðum á verkstað. Í vinnuverndarlögum sé fjallað um aðbúnað og aðstæður sem skuli vera fyrir hendi á öllum vinnustöðum. Í lögnum séu almennar reglur og viðmið um aðbúnað, öryggi og framkvæmd starfa. Ekki sé í lögnum að finna sérstakar efnisreglur sem eigi við um þá starfsemi sem hér um ræði og verði umræddar reglur því aðeins hafðar til hliðsjónar við sakarmat. Kranastjórnandinn hafi ekki brotið gegn vinnuverndarlögum og reglugerðum með því að sýna af sér gáleysi við hífinguna. Ekki liggi fyrir hvað nákvæmlega gerðist

en slysið hafi ekki verið rannsakað af Vinnueftirlitinu. Samkvæmt lýsingu verkstjóra í skýrslu vinnuveitanda stefnanda hafi stefnandi ekki staðið á réttum stað við verkið og ítrekað hunsað leiðbeiningar um framkvæmd. Hafi þar ekkert verið vikið að stjórnanda kranans eða því að háttsemi hans hafi á einhvern hátt verið orsök slyssins.

- 38 Kranastjóranum hafi verið gefið merki af jörðu niðri um að hífa og hafi hann því í einu og öllu farið eftir verklagsreglum og ýrústu öryggiskröfum. Fullyrðingum um hið gagnstæða sé mótmælt en það sé stefnanda að sanna að ekki hafi verið gefið slíkt merki og að kranastjórinn hafi á einhvern hátt brotið gegn öryggisreglum eða fyrir fram ákveðinni verktilhögun á verkstað. Stefnandi hafi ekki verið starfsmaður Z heldur starfsmaður aðalverktaka verksins. Z hafi ekkert komið að þjálfun stefnanda, leiðbeiningum til hans eða annarri ákvörðun um framkvæmd verksins og beri enga ábyrgð á mögulegum misbrestum þar á, sbr. 28. gr. vinnuverndarlaga þar sem kveðið sé á um að þegar starfsmaður sé við vinnu utan síns venjulega vinnustaðar skuli hann fara eftir þeim reglum sem gildi á viðkomandi vinnustað. Verkstaðurinn hafi verið undir stjórn verkstjóra P og hafi starfsmaður Z því haft litla sem enga möguleika á að hafa áhrif á framkvæmd starfins að öðru leyti en því að sinna sínu starfi við stjórnun kranans.
- 39 Það hafi ekki verið í verkahring Z að tilkynna umrætt atvik til Vinnueftirlits heldur hafi sú skylda eingöngu hvílt að vinnuveitanda stefnanda. Séu því engar lagalegar forsendur til að beita sakalíkindareglu eða snúa sönnunarbyrði við gagnvart Z og stefnda.
- 40 Stefnandi hafði starfað hjá sama vinnuveitanda í tæp tvö ár og hafi því verið vel kunnugur starfinu og þeim varúðar- og öryggisreglum sem giltu á verkstað um verkið og höfðu verið kynntar stefnanda. Starfsmaður Z hafði sjálfur farið yfir öryggisreglur með stefnanda þrátt fyrir að hann hefði ekki boðvald yfir honum og honum bæri engin skylda til slíks. Þá hafði hann ítrekað beðið verkstjóra P að tryggja að stefnandi væri ekki á röngum stað á pallinum. Sömuleiðis liggi fyrir áhættumat varðandi verkið sem stefnandi hafi þekkt.
- 41 Verði talið að stefnandi hafi slasast með einhverjum þeim hætti sem hann lýsi sé um óhappatilvik að ræða sem engum verði um kennt nema mögulega stefnanda sjálfum. Verði talið að vindhviða hafi orsakað hreyfingu á steypumótum við hífingu er einnig á

það bent að vindhviðan væri þá orsök slyssins en starfsmaður Z geti ekki borið ábyrgð á náttúruöflum sem hafi óvænt áhrif á framkvæmd verks.

- 42 Við mat á aðstæðum verði einnig að líta til háttsemi stefnanda sjálfs, en honum höfðu verið margkynntar þær öryggisreglur sem giltu við hífinguna, hvar hann ætti að standa og framkvæmd verklags. Bæði höfðu yfirmenn hans hjá Þ upplýst hann um þetta sem og starfsmaður Z Engu að síður hafi stefnandi vísitandi ákveðið að hunsa öryggis- og verklagsreglur og standa við steypumótin þegar þau voru hífð, þrátt fyrir að kranastjóranum hefði verið gefið merki um að hífa mótin. Með þeirri háttsemi sinni að hunsa skýr fyrirmæli hafi stefnandi gerst sekur um stórkostlegt gáleysi og þannig beri hann því sjálfur ábyrgð á slysi sínu að öllu leyti eða a.m.k. að hluta.

Niðurstaða

- 43 Ágreiningur aðila stendur um hvort stefnandi eigi rétt til að fá líkamstjón sitt bætt úr váttryggingu Þ hjá stefnda Sjóvá eða Z hjá stefnda VÍS. Ágreiningur aðila varðar þannig það hvort framangreindir aðilar beri bótaábyrgð á líkamstjóni stefnanda sem hann varð fyrir þegar hann féll af palli vörubifreiðar við hífingu steypumóta. Fallist er á að stefnandi hafi leitt nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni við nefnt fall og teljist hafa lögvarða hagsmuni af málarekstrinum í því formi sem hann hefur kosið að marka dómkröfum sínum.
- 44 Vitnið C, starfsmaður Þ, bar fyrir dómi að hann hefði sem verkstjóri verið yfirmaður stefnanda. Bar vitnið að áhættumat hefði verið kynnt öllum starfsmönnum á verkstað, ávallt hefði verið farið yfir áhættugreiningar í upphafi dags og að farið hefði fram sýnikennsla með verklegri sýningu áður en verkið hófst. Hafi þetta farið fram bæði á íslensku og pólsku sem starfsmaður hefði séð um að túlka fyrir þá starfsmenn sem ekki skildu íslensku. Hafi allir starfsmenn á verkstað átt að vera viðstaddir sýnikennsluna þar sem sýnt hafi verið hvernig ætti að bera sig að við verkið og hvar starfsmenn ættu að vera staðsettir. Öðrum vitnum bar ekki fyllilega saman um ýmis atvik málsins, svo sem hvort kynning á áhættumati og sýnikennsla hefði farið fram eða ekki eða hvort hvasst hefði verið á verkstað eða verkstaður í skjóli. Þá staðfesti vitnið F að hann hefði gefið stjórnanda kranans merki um að hann mætti hífa umrætt steypumót til að vitnið og stefnandi gætu fest öryggiskeðjurnar á mótið og slysið hefði síðan átt sér stað. Kvað vitnið D, stjórnandi kranans, að hann hefði ítrekað verið búinn að gefa stefnanda til kynna

að standa fremst á pallinum við framkvæmd verksins, hjá hinum starfsmanninum, en ekki til hliðar við mótin þar sem hann hefði síðan staðið þegar hann féll af pallinum.

- 45 Samkvæmt meginreglu íslensks skaðabótaréttar verður sá sem krefst skaðabóta að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni og að tjónið megi rekja til atvika sem váttryggingartaki eða starfsmenn hans beri ábyrgð á að lögum þannig að orsakatengsl séu á milli tjóns hans og atvika og að tjónið sé sennileg afleiðing hinnar saknæmu háttsemi váttryggingartaka eða starfsmanna hans, sbr. m.a. til hliðsjónar dóm Landsréttar 5. febrúar 2021 í máli nr. 79/2020, mgr. 11.
- 46 Slys stefnanda varð 26. febrúar 2019 og fyrir liggur að það var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en þremur dögum síðar, eða þann 1. mars. Við mat á því hvort váttryggingartaki hafi vanrækt tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. 79. gr. vinnuverndarlaga ber að líta til þess að einhver tími leið á slysdegi frá því að slysið átti sér stað þar til stefnandi var keyrður af vinnufélögum á Ö. Var hann síðan frá vinnu næsta dag. Þá lítur dómurinn til þess að stefnandi er ófaglærður verkamaður sem ekki talar íslensku og skv. gögnum málsins var hann eftir slysið frá vinnu að fullu í heilt ár. Þ var á hinn bóginn vinnuveitandi og bar sem slíkur ríkar skyldur samkvæmt vinnuverndarlögum nr. 46/1980. Verður þannig ekki litið fram hjá þeim aðstöðumun sem á aðilum er og litið svo á að Þ hafi borið auknar skyldur í þessu sambandi. Hvað þetta varðar hefur dómurinn til hliðsjónar dóm Landsréttar 26. febrúar 2021 í máli nr. 217/2019, einkum mgr. 25 og 26. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. vinnuverndarlaga skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna slys til Vinnueftirlitsins ef starfsmaður verður óvinnufær í einn eða fleiri daga. Líta verður svo á að málsatvikum hafi verið svo háttað að slysið hefði réttilega átt að tilkynna Vinnueftirlitinu án ástæðulausrar tafar þegar atvinnurekanda stefnanda var orðið ljóst að stefnandi væri frá vinnu vegna slyssins, sem hefði í síðasta lagi átt að hafa komið í ljós þegar hann mætti ekki til vinnu næsta dag, þ.e. þann 27. febrúar. Á hitt ber þó að líta að ekki verður talið að atvik slyssins hafi verið þess eðlis að rannsókn Vinnueftirlitsins eða lögreglu á slysstað tveimur dögum fyrr en það var tilkynnt hefði leitt annað og meira í ljós en nú þegar má ráða af gögnum málsins.
- 47 Stefnandi hafði unnið við byggingarvinnu hjá vinnuveitanda sínum Þ í tvö ár þegar slysið varð og þar áður við byggingarvinnu í [...]. Í málinu liggur fyrir afrit áhættumats sem undirritað hefur verið af stefnanda. Af framburði vitna verður ráðið að unnið hafði verið

að hífingum steypumótanna í einhvern tíma nefndan dag áður en slysið varð kl. 12:30. Samkvæmt málatilbúnaði stefnanda og framburði vitna fyrir dómnum var verklagið þannig að kranastjórnandinn beið eftir að starfsmaðurinn á pallinum gæfi merki um að óhætt væri að hífa, svo stefnandi og sami starfsmaður gætu fest öryggiskeðjurnar á steypumótin. Eftir að öryggiskeðjurnar höfðu verið festar skyldi stjórnanda kranans gefið merki þegar óhætt væri að hífa mótin af pallinum. Starfsmenn á pallinum áttu standa í öruggu skjóli við hífingarnar. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að verklag við undirbúning fyrir hífingu steypumótanna umrætt sinn hafi legið fyrir, verið kunnugt stefnanda og verkið verið framkvæmt með venjulegum hætti. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á með hvaða hætti slys hans verði rakið til ófullnægjandi verkstjórnar eða skorts á leiðbeiningum um framkvæmd verksins á vinnustaðnum, sbr. 14. gr. laganna. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að verkstjórnandi Þ hafi með vanrækslu á skyldum sínum brotið gegn ákvæðum vinnuverndarlaga nr. 46/1980, sem leiði til bótaskyldu á grundvelli vinnuveitandaábyrgðar, eins og stefnandi byggir á. Í þessu sambandi vegur þungt að stefnandi byggir raunar sjálfur á því að bótið hafi verið að koma upp verklagi við framkvæmd verksins sem bæði honum og kranastjóranum hafi verið kunnugt um. Nánar tiltekið byggir stefnandi á því að hann hafi vel vitað hvar hann átti að standa þegar mótin voru hífð.

- 48 Stefndandi heldur því fram að hann hafi ekki undirritað áhættumatið fyrir en eftir slysið og að áhættumatið sé á íslensku sem hann skilji ekki. Verður að leggja til grundvallar að stefnandi hafi ekki fært sönnur á að hann hafi ekki undirritað áhættumatið fyrir en eftir að slysið varð. Þó að texti áhættumatsins sé vissulega á íslensku verður að líta til framburðar vitna um að farið hafi verið yfir verklag, áhættu og öryggisþætti í upphafi verksins, þ. á m. með sýnikennslu, og hefur stefnandi ekki sýnt fram á annað. Að sama skapi er því hafnað að þjálfun og kennsla stefnanda við framkvæmd verksins hafi verið ófullnægjandi, sbr. 14. gr. vinnuverndarlaga nr. 46/1980 og 25. gr. reglugerðar 920/2006, eins og þegar hefur verið rakið, en sjálfur byggir stefnandi á því að hann hafi þekkt verklagið við framkvæmd verksins og vitað hvar hann ætti að standa við hífingu mótanna.
- 49 Ekki hefur verið sýnt fram á með hvaða hætti stjórnök stjórnanda kranans hafi leitt til slyssins og óupplýst er með hvaða hætti slysið verði rakið til saknæmra mistaka stjórnanda kranans. Í þessu sambandi er ekki annað sýnt en að samstarfsmaður stefnanda

á vörubílspallinum hafi gefið stjórnanda kranans merki um að steypumótið mætti hífa nægilega hátt til að festa mætti öryggiskeðjur á það. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á að slys hans verði rakið til þess að kranastjórnandinn hafi hafið hífingu án þess að slíkt merki hafi verið gefið.

- 50 Þá byggir stefnandi á því að vindhviða hafi orðið til þess að mótið hafi færst til þegar kranastjórnandinn lyfti því og því hafi hann fallið af vörubílspallinum. Með vísan til gagna málsins og atvika allra verður stefnandi ekki talinn hafa fært sönnur á að veðuraðstæður á verkstað hafi verið með óforsvaranlegum hætti við framkvæmd verksins eða verið með þeim hætti að stöðva hafi átt verkið, sbr. gr. 3.2.7 í II. viðauka rgl. 367/2006, sem vísað er til í máltilbúnaði stefnanda. Alls er ósannað að slysið hafi orðið vegna þess að vindhviða hafi feykt mótinu til.
- 51 Samkvæmt framansögðu verður sú niðurstaða lögð til grundvallar að slysið hafi orðið vegna þess aðgæsluleysis stefnanda sjálfs að standa á pallinum til hliðar við mótin sem verið var að hífa þrátt fyrir að hafa fengið fyrirmæli um annað. Ekki hefur verið sýnt fram á bótaskyldu váttryggingartaka og eru stefndu sýknir af kröfum stefnanda í málinu.
- 52 Rétt þykir í ljósi atvika málsins og allra aðstæðna að málskostnaður falli niður, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi nýtur gjafsóknar í máli þessu skv. fyrirliggjandi gjafsóknarleyfi frá 30. september 2022. Allur kostnaður greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns stefnanda, svo sem greinir í dómsorði. Þóknunin er ákvörðuð með hliðsjón af efni og umfangi málsins. Samkvæmt dómvenju í gjafsóknarmálum er virðisaukaskattur ekki meðtalinn í fjárhæðinni.
- 53 Af hálfu stefnanda flutti málið Marlena Piekarska lögmaður. Af hálfu stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf. flutti málið Heiður Heimisdóttir lögmaður. Af hálfu stefnda Váttryggingafélags Íslands hf. flutti málið Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögmaður. Sigríður Rut Júlíusdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sjóvá Almennar tryggingar hf. og Vátryggingarfélag Íslands hf., eru sýknir af kröfum stefnanda, A.

Málkostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun lögmanns hans, Marlenu Piekarska, sem telst hæfilega ákveðin 1.800.000 krónur.

Sigríður Rut Júlíusdóttir